

angöngubarnaskóla getur farið fram á skipun í stöðu sína, þegar hann hefur gegnt henni í 1 ár, en kennari við heimavistarbarnaskóla og skóla gagnfræðastigsins, þegar hann hefur gegnt henni í 2 ár. Afgreiðsla um skipun fer sömu boðleið og um setningu sé að ræða.

Hafi kennari ákveðið að skipta um stöðu, skal hann tilkynna það skólastjóra eða skólanefnd, svo fljótt sem auðið er, helzt í lok kennslutímans að vorinu.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Ef ekki er unnt eftir ákvæðum 8. gr. að semja stundaskrá, sem fullnægi gildandi námsskrá, vegna þess að tví- eða þrisetning í skólahúsnæði er óhjákvæmileg eða kennsla sérgreina verður að fara fram á öðrum tímum en þar segir, þá má skólinn starfa lengur en greinin gerir ráð fyrir, sbr. 31. grein laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna, og lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám.

*Menntamálaráðuneytið, 1. júní 1962.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 78 27. maí 1960, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

### 1. gr.

Eftirtaldar vörur falli niður úr 1. gr. reglugerðarinnar:

Tollskrá:

Kafli	Nr.	Vörutegund:
37	15	} Skrautvarningur úr skinni og leðri, trjáviði, pappa og pappír, leir, postulíni, gleri og óðýrum málmum.
40	59	
44	45	
59	10, 12b	
60	25	
71	23	} Tígulgólf (parketstafir og plötur), einnig úr öðrum efnum en korki.
40	34,b	
	55	Skiði og skiðastafir.
58	5	Granít- og marmaraplötur, sléttar eða slípaðar.
61	5, 8, 11	Vörur úr gulli, silfri og platínu.
63	8 c	Krómstálpötur, þynnri en 3 mm, ryð- og síruheldar.
	88a	Skálar, pressaðar, til vaskagerðar.
	88b	Eldhúsvaskar.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30, 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 30. marz 1962.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Oddur Guðjónsson.*